

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Hrunamannahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Hrunamannahrepps, samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulagsbreyting, Melakvísl 2A, L210669, skilgreining lóðar og byggingarreits.

Um er að ræða óverulega breytingu á gildandi deiliskipulagi fyrir lóðina Melakvísl 2A, L210669. Breytingin felur í sér heimild til að skipta lóðinni upp þannig að annars vegar verði skilgreindur byggingarreitur fyrir geymslu og áhaldahús, og hins vegar sameignarlóð sem mun hýsa aðkomu og bílastæði fyrir tengdar lóðir.

Samþykkt í sveitarstjórn Hrunamannahrepps 27. mars 2025.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 18. júní 2025.

Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita bs.,
Vigfús Þór Hróbjartsson.

B deild - Útgáfudagur: 2. júlí 2025